

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn, nr. 1210/2013.

1. gr.

Fyrir aftan orðin „einnota pokar og slöngur“ í a-lið 3. mgr. 3. gr. komi: kerti.

2. gr.

Í stað fyrsta og annars töluliðar 2. mgr. 5. gr. komi nýr fyrsti töluliður sem orðist svo, og breytist númer annarra töluliða samkvæmt því:

1) Hótel, veitingarekstur og ráðstefnurými:

- a) 0,15% af veltu ársins upp að 247.500.000 kr., sbr. þó b-lið,
- b) 0,05% af veltu ársins, þegar veltan er hærri en 247.500.000 kr., auk þess 247.500 kr.

Lágmarksgjald fyrir hvert hótel og gististað er 55.000 kr. Hámarksgjald fyrir hvert hótel, hvern gististað og hvern veitingastað er 700.000 kr. fyrir árið 2015, 770.000 kr. fyrir árið 2016, 840.000 kr. fyrir árið 2017, 915.000 kr. fyrir árið 2018 og 990.000 kr. fyrir árið 2019.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi 1. júlí 2015.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 20. apríl 2015.

F. h. r.

Sigriður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2015